


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Módelteikning og líkamsbygging frh. MYNL3MS05 Námsáætlun haust 2019	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

Viðtalstími: Samkvæmt samkomulagi

Áfangalýsing

Haldið áfram að efla teiknihæfni, að breyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu og byggt á fyrri áfanga. Nemandinn þjálfar skynjun sína og dýpkar skilning á stærðfræði og fagurfræði mannlíkamans. Hann rannsakar á agaðan hátt byggingu og mótun forma þar sem áhersla er á jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og innsýn í þann samhljóm sem er milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar. Nemandinn beitir einnig frjálsri teikningu þar sem leikur túlkun og tjáning er í forgrunni. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og tvívíðum myndum með margvíslegum efnum og aðferðum. Í tengslum við verkefnavinnu skoðar nemandinn dæmi úr myndlistasögu og samtímalist þar sem mannlíkaminn er viðfangsefið. Nemendur ígrunda verk sín í samvinnu við kennara og aðra nemendur.



Aïsson Lambert, 2011, *Eutychus*, kol og þurrkrít

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- samvinnu sjónskynjunar og hreyfingar handar í teikningu
- margbreytileika þeirra forma, hlutfalla og spennu sem mannlíkaminn býr yfir
- samhljómi milli módelteikningar og beina- og vöðvabyggingar mannlíkamans
- burðargetu og styrk beina- og vöðvabyggingar og tengingu við hönnun
- hvað er ólíkt með rannsóknarvinnu og frjálsri teikningu
- hvernig nokkrir ólíkir listamenn í sögunni og samtímanum hafa unnið út frá mannlíkamanum

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hreyfa teikniáhold í samræmi og samfelli við skynjun sína og ætlan
- teikna og móta hreyfingu í mismunandi líkamsstöðu í jafnvægi og réttum hlutföllum
- móta flókin form líkamans og túlka spennu og átök
- byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu á mannlíkamanum og verkum annarra
- skynja og túlka það sem hann sér og upplifir á persónulegan og skapandi hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í módelteikningu til að vinna að ýmsum ólíkum verkefnum
- koma auga á hluti/þætti í umhverfi sínu sem tengjast módelteikningu og vinna með þá á eigin forsendum
- skilja stærðir og hlutföll og nýta í hvers konar myndsköpun
- nýta verk annarra listamanna sem innblástur fyrir eigin verk
- ígrunda verk sín og vinnuferli og ræða við aðra
- taka virkan þátt í umræðu um verk sín og annarra

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Módelteikning og líkamsbygging frh. MYNL3MS05 Námsáætlun haust 2019	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 2 af 2		

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verk Sýnileiki ætlunar í afrakstri, litur, form og myndbygging og tæknileg færni	Rannsókn - mótun forma	25%	
	Hraðteikning - tjáning	25%	
Vinnuferli Hvernig nemandinn ber sig að við vinnuna	Rannsókn, nýsköpun - opinn hugur, leitar nýrra leiða	15%	
	Nýting fyrirmynda - vinna úr upplýsingum	15%	
	Ígrundun – skoðun á verkum og nýting í næstu skref	15%	
Skissubók	Sjálfstæð rannsókn, á mannlíkama og teiknistíl	5%	
		Samtals:	100%
Námsmatsþættirir eru metnir stöðugt á önn og í lok annar með leiðsagnarmati, sjálfsmati og kennaramati			

Áætlun um yfirferð, verkefni - Unnin samtvinnað alla önnina

- 1. Rannsókarvinna** - Flókin form vöðva, beina og líkamans í heild rannsökuð ítarlega eftir lífandi fyrirmynd, beinagrind eða ljósritum með ýmiskonar teikniáhöldum og leir.
- 2. Hraðteikning** - Mismunandi áhöldum og aðferðum beitt, áhersla á leik, túlkun og tjáningu.
- 3. Skoðun á verkum** - Ýmsir listamenn úr nútíð og fortíð.
- 4. Sjálfstæð vinna í skissubók** - Nánari skoðun á módeli og teiknistíl.



Með fyrirvara um breytingar


Símar eru ekki leyfðir í módelteikningu

Opið hús/sýning 5. desember kl. 20-21:30

Gangi ykkur vel 20.08.2019



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj. fagstj eða staðgengils